


Ný stjórnsýslu- og sveitarfélagakort af Íslandi

Landmælingar Íslands gáfu í október sl. út tvö ný stjórnsýslu- og sveitarfélagakort í mælikvarðanum 1:750 000.

Annað kortið, *Stjórnsýsluumdæmi sýslumanna og sveitarfélög á Íslandi*, sýnir yfirlit yfir sveitarfélög eins og þau voru þann 1. júlí 1999. Þar kemur fram lega hvers sveitarfélags á landinu, númer og heiti auk upplýsinga um aðsetur sýslumanna. Hitt kortið, *Stjórnsýslumörk á Íslandi*, sýnir sambærilegar upplýsingar, en þar eru stjórnsýslumörkin dregin skýrar fram og sýnd á undirliggjandi staðfræðilegum kortgrunni. Auk þess eru á kortinu skrár með heitum og númerum sveitarfélaga. Kortin eru litprentuð í stærðinni 60x80 cm og fást einnig á tölvutæku formi (raster) fyrir þá sem þess óska.

Samhliða þessu verki var unnið að endurskoðaðri útgáfu IS 500V, sem er stafrænt gagnasafn (kort) í mælikvarða 1:500 000 á vigruðu (vektor) formi, sem einkum er ætlað til notkunar í landupplýsingakerfum stofnana og fyrirtækja. Ný „þekja“ með sveitarfélagamörkum er nú tilbúin og inniheldur þá gagnasafnið í heild; strandlínu, hæðarlínu með 100 m bili, vatnakerfi, vegakerfi og stjórnsýslumörk.

Til þess að sýna breytingar á sveitarfélögum milli árana 1990 og 1999, hefur verið opnaður nýr vefhluti á heimasíðu LMÍ; www.lmi.is. Þar eru alls átta kort eða korthlutar ásamt skrár yfir



Kort Landmælinga Íslands sem sýnir stjórnsýsluumdæmi sýslumanna og sveitarfélög á Íslandi.

heiti og númer sveitarfélaga. Kortin eru fáanleg á disklingi í meiri upplausn en sjá má á vefnum.

Verkefnið var unnið í samvinnu við dóms- og kirkjumálaráðuneytið, félagsmálaráðuneytið, Hagstofu Íslands og umhverfisráðuneytið. Efnt var til opinberrar kynningar á verkinu í lok október. Við það tækifæri opnaði umhverfisráðherra formlega nýjan sveitarfélagavef Landmælinga Íslands.

Á kynningarfundinum sagði Magnús Guðmundsson, forstjóri stofnunarinnar,



Frá kynningarfundum um nýju kortin. Frá vinstri: Magnús Guðmundsson, forstjóri LMÍ, Páll Pétursson félagsmálaráðherra og Sif Friðleifsdóttir umhverfisráðherra.

Forsetar á ferð

Lennart Meri, forseti Eistlands, sótti Akranes heim í opinberri heimsókn sinni til landsins fyrr í haust. Með í för var Ólafur Ragnar Grímsson, forseti Íslands, ásamt föruneyti. Meðfylgjandi mynd var tekin er forsetarnir veittu viðtöku kortum úr safni Landmælinga Íslands.

ar, að tengja mætti 80% allra upplýsinga í stjórnsýslunni með einum eða öðrum hætti staðsetningu eða landfræðilegum einingum.

„Mörk sveitarfélaga og umdæmi sýslumanna eru grunneiningar í stjórnkerfi okkar, sem þurfa að vera skýr og upplýsingar um þau þurfa að vera öllum aðgengilegar,“ sagði Magnús.



Frá forstjóra LMÍ



Pórarinn Sigurðsson, forstöðumaður framleiðsluviðs LMÍ, og Jón Tryggvi Helgason, sölustjóri Ísmar hf. hand-sala samninginn.

Ný GPS land-mælingatæki

Gengið var frá kaupum Landmælinga Íslands á þremur GPS landmælingatækjum frá Ísmar fyrir á árinu. Tækin eru af gerðinni Trimble 4000ssi og Trimble 4700, ásamt hugbúnaði til úrvinnslu á mæligögnum.

Mælingatækið er tvískipt; loftnet sem nemur merkin frá gervihnöttum og móttakari sem skráir þau. Með tækja- og hugbúnaði þessum er annars vegar hægt að fá niðurstöður mælinganna samtundis, þ.e.a.s. með rauntíma-mælingu, og hins vegar reikna út úr mælingunum eftir á sem gert er þegar fjarlægðir eru miklar.

Mælitæknin, sem þessi tæki bjóða upp á, er sú nákvæmasta sem völ er á í dag. Helstu verkefni fyrir nýju tækin eru mælingar á gömlum og nýjum þríhyrninganetum og eftirlitsmælingar á grunnstöðvaneti LMÍ.

Uppbygging IS 50V

Tveir starfsmenn frá norsku kortastofnuninni, Statens kartverk, komu í tveggja daga heimsókn til Landmælinga Íslands nú í nóvember til að skoða uppbyggingu gagnagrunnsins IS 50V. Í framhaldi af því mun Statens kartverk veita starfsmönnum LMÍ ráðgjöf um áframhaldandi vinnu við hann.



Með aldamót handan við hornið er við hæfi að minnast stærsta afreks í kortamálum þjóðarinnar á þessari öld. Afreks sem unnið var af dönskum landmælingamönnum. Sakir framlags Dana og fleiri erlendra þjóða, sem unnið hafa mikilvæg verkefni á þessu sviði hér á landi, hafa íslensk yfirvöld í raun aldrei gert sér fulla grein fyrir þeim kostnaði sem liggur í gerð og viðhaldi nákvæmra korta af landinu öllu.

Til þessa hefur kröftunum verið dreift um of á þessum vettvangi. Þannig hefur hver stofnun eða ráðuneyti oft þurft að leysa málin án tillits til heildarhagsmuna eða hagkvæmni. Þetta hefur einnig leitt til þess að gagnastefna á sviði landfræðilegra upplýsinga er óskýr. Það hefur aftur valdið óvissu og óróa varðandi gjaldtöku og höfundarrétt.

Það er því sérstakt ánægjuefni að í fjárlagafrumvarpi ársins 2000 eru lagðar fram um 40 milljónir króna til Landmælinga Íslands til að vinna að stafrænum kortagrunni af öllu Íslandi, sem byggir á kortum í mælikvarða 1:50 000.

Ríkisstjórn Íslands styður þessa fjárveitingu sérstaklega. Það ber ótvírætt merki um vilja stjórnvalda til að efla og styrkja forystuhlutverk Landmælinga Íslands í framleiðslu korta og söfnun stafrænna gagna í takt við kröfur nútíma samfélags.

Notendur korta og landfræðilegra upplýsinga munu í vaxandi mæli óska eftir því að geta tengt margs konar gögn landfræðilegri staðsetningu. Samræmd skráning og miðlun slíkra gagna er því mjög vaxandi verkefni.

Um leið og unnið er að bættu skipulagi kortamála á Íslandi er nauðsynlegt að fylgjast vel með breytingum á þessum vettvangi annars staðar í heiminum. Alþjóðavæðing og hröð tækniþróun er áberandi og aukinn aðgangur almennings að Netinu er sterkur áhrifa-valdur.

Aukin markaðsvæðing hefur einnig sett mark sitt á skipulag kortastofnana, m.a. með útboðum verkefna. Þrátt fyrir þetta hefur engin kortastofnun í heiminum enn verið einkavædd. Ástæða þess er m.a. að flestar gegna þær lykilhutverki hjá hinu opinbera í tengslum við hnita- og leiðsögukerfi, varnar- og öryggismál, almannavarnir, skráningu fasteigna, eftirlit með landbúnaði og nýtingu auðlinda. Verkefni af þessum toga verður seint hægt að einkavæða.

Framboð á alls kyns kortaefni mun fyrirsjáanlega aukast hratt í náinni framtíð, m.a. á Netinu. Hins vegar verður sífellt torveldara að fá upplýsingar um gæði og uppruna. Á sama hátt verður erfitt að gæta höfundarréttar, eins og þegar hefur komið í ljós hér á landi. Áleitnar spurningar munu örugglega vakna hjá mörgum notendum. Hver ber ábyrgð á öryggi og gæðum korta eða stafrænna gagna og hver á að greiða kostnaðarsama endurskoðun þeirra? Í flestum nágrannalöndum okkar er því þannig háttað að ríkið greiðir stofnkostnaðinn en síðan eru afnotagjöld yfirleitt notuð til þess að fjármagna endurskoðun gagnanna.

Magnús Guðmundsson, forstjóri.

Starfsmannaskipti

Samskipti LMÍ við kortastofnanir á Norðurlöndum hafa ætíð verið mjög góð. Til marks um það má nefna að tveir



Finn Kjær Andersen ásamt starfsfólki landupplýsingadeildar LMÍ.

sérfræðingar frá Kort- og Matrykelstyrelsen, KMS, í Kaupmannahöfn hafa komið tímabundið til starfa hjá Landmælingum Íslands og starfsmaður LMÍ hefur starfað hjá KMS.

Fyrir á þessu ári dvaldi Finn Kjær Andersen frá KMS um fimm mánaða skeið við störf á sviði stafrænnar kortagerðar hjá LMÍ. Hann vann m.a. við að þróa framleiðsluáferðir við gerð vektorgagna fyrir gagnagrunn í mælikvarða 1:50 000 (IS 50V) og við að útbúa stjórn-sýslumörk á vektorformi fyrir gagnagrunn í mælikvarða 1:500 000 (IS 500V). Jafnframt vann hann að hjálfun nýrra starfsmanna á sviði landupplýsinga.

Nýr vefur, www.lmi.is

Nýr vefur Landmælinga Íslands var opnaður í ársbyrjun. Að grunni til byggir hann á eldri vef sem gerður var árið 1997.

Á nýja vefnum er að finna upplýsingar um prentaðar og staf-rænar útgáfur LMÍ, auk fréttu og almennra upplýsinga um stofnunina. Ennfremur upplýsingar um þjónustu og gögn, svo sem safn með 140.000 loftmyndum og staf-ræn gagnasöfn sem stöðugt eru í uppbyggingu.

Á vefnum er verðskrá yfir allt það sem á boðstólum er hjá stofnuninni. Hægt er að kaupa kort á vefnum. Nýjasti hluti hans lýtur að sveitarfélögum þar sem sýnd eru núverandi stjórnsýslu- og sveitarfélagamörk miðað við 1. júlí 1999 samkvæmt nýjum stjórnsýslulögum. Til samanburðar eru einnig kort yfir sýslu- og hreppamörk eins og þau voru árið 1990, fyrir breytingu stjórnsýslulaganna. Þar er einnig að finna skrár yfir nöfn og númer sveitarfélaganna.



Þeir sátu fund framkvæmdanefndar norrænna landmælingamanna, NKG (Nordisk Komission for Geodesy), sem haldinn var á Akranesi fyrr á árinu.

Fundur norrænna landmælingasérfræðinga

Fundur framkvæmdanefndar norrænna landmælingamanna, NKG (Nordisk Komission for Geodesy) var haldinn í lok apríl í höfuðstöðvum Landmælinga Íslands á Akranesi.

Nefndin er skipuð sérfræðingum frá norrænu kortastofnununum. Hlutverk hennar er að vinna að mótun heildar-

stefnu í landmælingamálum, hrinda af stað og hafa umsjón með mikilvægum verkefnum á þessu sviði. Tilgangur fundarins á Íslandi var að ræða verkefni vinnuhópa og undirbúa verkáætlun fyrir árið 2000. Sérstaklega var rætt um aukið samstarf við Ísland, sem tekur nú þátt í samstarfinu eftir langt hlé.

Samstarf við erlendar kortastofnanir

Lokið var við gerð rammasamnings um kortagerð á milli bandarísku kortastofnunarinnar, National Imagery and Mapping Agency (NIMA), og varnarmálaskrifstofu utanríkisráðuneytis Íslands á fundi í Washington á miðju ári. Samningurinn er með beinni tilvísun í varnarsamning Íslands og Bandaríkjanna

frá 1951 og fjallar um gerð stafrænna korta í mælikvarðanum 1:50 000.

Rammasamningurinn kemur í stað samnings frá 1976 en þó í breyttu formi vegna nýrrar tækni og vinnuáferða við kortagerð. Samkvæmt nýja samningnum bera Landmælingar Íslands ábyrgð á framkvæmdinni. Í eldri samningi var

gert ráð fyrir að DMA (nú NIMA) annað-ist kortagerðina án þess að settur væri tímarammi eða tryggðar fjárveitingar til verksins af hálfu Bandaríkjastjórnar.

Það er mat íslenskra stjórnvalda að eitt af mikilvægustu verkefnum Landmælinga Íslands sé að koma á fót stafrænum kortagrunni af öllu Íslandi í mælikvarðanum 1:50 000 á næstu árum. Samningar við NIMA eru mikilvægt skref að því markmiði.

Á sama tíma og samningafundur NIMA og LMÍ stóð yfir í mars sl. voru sérfræðingar frá dönsku kortastofnuninni, KMS, í heimsókn hjá Landmælingum Íslands vegna verkefnis sem nefnist V-Map og er unnið að frumkvæði NATO. Þar er um að ræða vinnslu stafrænna kortagagna af öllum löndum heims í mælikvarðanum 1:250 000. Aðild Landmælinga Íslands að V-Map verkefninu byggist á því að stofnunin leggur til grunn gögn og upplýsingar en danska kortagerðarstofnunin hefur tekið að sér að vinna gögnin af Íslandi á stafrænu formi. Stjórn verkefnisins er hjá NIMA.



Frá fundi starfsmanna Landmælinga Íslands og kortagerðarstofnunar bandaríska varnarmálaráðuneytisins, NIMA, og dönsku kortastofnunarinnar, KMS, á Akranesi.

Öflug útgáfa ferðakorta

Ferðakort og Aðalkort LMÍ voru í sumar sett í nýjan búning og eru nýju kápurarnar mjög frábrugðnar þeim eldri. Útliti og litum hefur verið breytt og nú hefur hver kortatitill sína sérstöku ljósmynd og strikamerki auk upplýsinga um nýtt aðsetur og símanúmer stofnunarinnar.

Bæklingar á íslensku og ensku um kortaútgáfur Landmælinga Íslands komu út á árinu, en þar er einnig fjallað um aðra þjónustu stofnunarinnar á ýmsum sviðum.

Ferðakort 1:750 000

Landmælingar Íslands gáfu síðastliðið vor út nýtt ferðakort í mælikvarðanum 1:750 000. Kortið leysir af hólmi samþærilegt eldra kort sem ekki hafði verið endurskoðað um árabíl.

Nýja kortið er unnið á tölvutæku



Ferðakort og Aðalkort LMÍ voru í sumar sett í nýjan búning. Nýju kápurarnar eru mjög frábrugðnar þeim eldri. Útliti og litum hefur verið breytt og nú hefur hver kortatitill sitt sérkenni.

Ferðakort Landmælinga Íslands og ESSO

Oliufélagið hf., ESSO, hefur lengi verið meðal stærstu söluaðila korta Landmælinga Íslands. Við útgáfu nýja ferðakortsins í mælikvarða 1:750 000 kom fram áhugi á að gerð yrði sérútgáfa af kortinu með merki félagsins og upplýsingum um sölustaði fyrirtækisins. Oliufélagið sá um bakhlíð kortsins og eru þar kort af öllum kaupstöðum landsins með ítarlegum upplýsingum um þjónustu á hverjum stað. Þessi útgáfa kortsins er eingöngu til sölu á bensín- og þjónustustöðvum Oliufélagsins hf., ESSO.



Magnús Guðmundsson, forstjóri Landmælinga Íslands, afhendir Geir Magnússyni forstjóra Oliufélagsins fyrsta eintak kortsins.

formi frá grunni. Skýringar eru á fjórum tungumálum; íslensku, ensku, frönsku og þýsku. Kortið sýnir veganúmer og gerð slitlags, en auk þess er tafla um vegalengdir milli helstu staða, heilsgæslustöðvar, sundlaugar, gistingu og bensínafgreiðslur.

Ferðakort 1:500 000

Þetta kort hefur um árabíl verið vinsælasta ferðakortið hér á landi. Það hefur nú verið endurskoðað og færðar inn á það breytingar einkum á vegum. Stærð þess er 80x110 sm, það er hæðarskyggt og með á fjórða þúsund örnefnum. Þar eru ítarlegar upplýsingar um veganúmer og vegalengdir á landinu, auk töflu um þjónustu á ferðamannastöðum svo eitthvað sé nefnt.

Aðalkort 1:250 000

Sjö af níu Aðalkortum í mælikvarðanum 1:250 000, þ.e. blöð 1-7, voru endurútgefin á árinu. Á kortunum eru færðar inn nýjustu breytingar á vegakerfi, t.d. Hvalfjarðargöng og Gilsfjarðarbrú. Aðalkortin geyma yfirgripsmiklar upplýsingar fyrir ferðamenn. Í heild eru á þeim um 14.000 örnefni. Á bakhlíð þeirra er prentuð örnefnaskrá. Bil milli hæðarlína er 20 m sem gefur kortunum mikið gildi umfram önnur ferðakort. Aðalkortin, sem öll eru prentuð á vandaðan pappír, fást einnig í ferðaútgáfu, þar sem kort eru prentuð beggja vegna á örkina.

Kvarðinn

FRET TABRÉF LANDMÆLINGA ÍSLANDS

Kvarðinn, 2. tbl., 1. árg., desember 1999
Útgefandi: Landmælingar Íslands,
Stíllholti 16-18, 300 Akranes
Sími: 430 9000 Fax: 430 9090

Tölvupóstur: lmi@lmi.is
Heimasíða: www.lmi.is
Ábm.: Þorvaldur Bragason
Umsjón texta: Svavar Berg Pálsson og pje err
Umbrot: pje err
Ljósmyndir: Carsten Kristinsson,
Guðni Hannesson og Magnús Hjörleifsson
Prentun: Grafík